




Varðar: Umsókn um framkvæmdaleyfi: Klettastígur í Esju (Via ferrata)

Lögð fram umsókn Fjallafélagsins, dags. 8. júlí 2024, um framkvæmdaleyfi til að koma fyrir klettastíg (Via ferrata) við Fálkaklett í Búahömrum í landi Mógilsár í Esju. Framkvæmdin felst í að lagðir verða stálvírar og þrep upp klettana auk hengibrúar á leiðinni.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Loftmynd dags. 20.07.2022.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er ræða stígagerð, uppsetningu stálvíra og hengibrúar.

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Deiliskipulag/HverfisSKIPULAG

Í gildi er deiliskipulag Mógilsár og Kollafjarðar, dags. samþ. í borgarráði 10. september 2022 m.s.b.

Í deiliskipulagsáætluninni er gerð grein fyrir klettastíg í kafla um göngustíga á svæðinu og er stígurinn jafnframt markaður á uppdrætti.

Álit Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdarinnar m.t.t. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Með bréfi dags. 2. maí 2024 kemur fram að stofnunin hefur yfirlit

erindi um framkvæmdina og lítur hún svo á að ekki sé hér um framkvæmd að ræða sem fellur undir ákvæði fyrrnefndra laga.

Lýsing á framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd við Fálkaklett felst í að lagðir verða stálvírar og þrep upp klettana auk hengibrúar á leiðinni. Á fyrsta hluta stígsins verður merktur göngustígur.



Leiðin upp Festi er með bröttum köflum þar sem settar verða inn festingar og öryggisvír sem klifrarar geta notað til stuðnings og fest sig við til öryggis. Efst á Festi er komið að lóðréttum klettavegg Fálkakletts þar sem hinn eiginlegi klettastígur byrjar.

Leiðin liggur eftir bergsyllum, inn með bröttu gili á vinstri hönd. Settar verða upp festingar sem öryggisvírinn verður festur á auk þess sem sett verða inn járnþrep til að auðvelda klifrið.

Næst tekur við svokölluð Himalayabrá, hengibrú milli tveggja kletta. Gert er ráð fyrir að brúin liggji yfir lítið gil til vesturs og verði 35 metra löng. Þegar yfir hana er komið tekur við um 8 metra klettastígur upp á brún Fálkakletts. Loks er gert ráð fyrir að farið verði niður gilið undir brúnni og klifrað niður lítið klettarið og síðan yfir gilið til austurs. Þaðan verður haldið áfram eftir syllu undir klettinum þar til komið er aftur inn á gönguleiðina á Festi. Gert er ráð fyrir að fara niður Festi sömu leið og farið var upp þangað til komið er á gamla Vesturlandsveg.

Bergið í Búahömrum er innskotsberg og hentar vel fyrir uppsetningu á klettastíg. Eitthvað er um lausa steina á leiðinni sem þarf að fjarlægja svo ekki hljótist hætta af. Gerðar hafa verið prófanir á

berginu og festingum í samræmi við staðal EN16869. Klifurbúnaður verður festur og frá honum gengið í samræmi við staðla og kröfur sem gerðar eru til klettastíga af þessu tagi.

Lítið rask verður á umhverfi vegna framkvæmdarinnar. Hægt er fjarlægja uppsetninguna og færa svæðið aftur í fyrra horf. Framkvæmdin er því afturkræf.

Umsögn og niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulag svæðisins og fjölgar afþreyingarkostum í tengslum við fjölbreyttar og áhugaverðar gönguleiðir á svæðinu.

Um er að ræða nýstárlega gönguleið þar sem leitast verður við að tryggja öryggi notenda. Í samræmi við gildandi skipulag svæðisins við stígagerð, þá skal þess gætt að tryggt sé við framkvæmdir að sem minnst spjöll verði á gróðri og jarðmyndum. Að nýr stígur fari vel í landi.

Skv. upplýsingum í borgarvefsjá er ekki að finna fornleifar á framkvæmdastað en vakin er athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án

tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Í samræmi við áætlun þá er leyfið gefið í rúman tíma eða til fimm mánaða, til loka árs 2024 frá útgefnum degi en verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir teFAST að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.
- Gæta skal varúðar við framkvæmdina og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu ónæði eins og mögulegt er fyrir notendur svæðisins.
- Farið er fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu (t.d. olíuleki frá vinnutækjum). Frávik skulu skráð.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.